



Þingeyjarsveit

Auglýsing um deiliskipulag Fjósatungu í Fnjóskadal

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 30. nóvember 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi hluta jarðarinnar Fjósatungu í Fnjóskadal eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

Skipulagssvæðið afmarkast af hluta þess svæðis sem skilgreint er fyrir frístundabyggð á jörðinni skv. aðalskipulagi. Skv. gildandi aðalskipulagi er 61,2 ha svæði skilgreint sem frístundabyggð í Fjósatungu og er svæðið staðsett í hlíðinni sunnan við bæjarstæðið í Fjósatungu. Skv. aðalskipulagi nær svæðið að gili ofan bæjarhúsanna í Fjósatungu í norðri, að bakka neðan hlíðarinnar í austri, að Grjótá í suðri og upp í um 250 m hæð í vestri.

Viðfangsefni deiliskipulagsins er m.a. að afmarka lóðir og byggingarreiti ásamt því að skilgreina fyrirkomulag aðkomuvegar og önnur þau ákvæði sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi vegna uppbyggingar frístundabyggðar í Fjósatungu í Fnjóskadal.

Gert er ráð fyrir 44 lóðum fyrir frístundahús á um 38 ha svæði. Af þessum 44 lóðum er gert ráð fyrir að 20 þeirra verði staðsettar á svæði með aflíðandi halla syðst á svæðinu en 24 lóðir í hlíðinni sunnan bæjarstæðis Fjósatungu.

Tillagan að breytingu mun liggja frammi á skrifstofum Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugum og Hlíðavegi 6, 660 Mývatn, frá og með mánudeginum 5. des 2022 með athugasemdarfresti til og með þriðjudeginum 17. janúar 2023. Þá eru upplýsingar einnig aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar undir skipulagsmál.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út þriðjudaginn 17. janúar 2023. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Hlíðarvegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið atli@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Atli Steinn Sveinbjörnsson

Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar